

KJARASAMNINGUR

Félags skipstjórnarmanna
og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

um kaup og kjör stýrimanna og skipstjóra
á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar

Undirritaður 6. apríl 2005

Gildistími

1. mars 2005 – 1. nóvember 2008

1 KAUP

1.0 Inngangur

- 1.0.1 Með samningi þessum eru aðilar sammála um að taka upp launaramma fyrir störf skipstjórnarmanna um borð í rannsóknarskipum Hafrannsóknastofnunarinnar. Tilgangur með upptöku þeirra er fyrst og fremst sá að auka sveigjanleika launakerfisins og gefa starfsmönnum og Hafrannsóknastofnuninni tækifæri til að semja sín á milli um röðun einstakra starfa. Við það skal miðað að grunnröðun hvers starfs sé A1, B1 og C1.
- 1.0.2 Föst mánaðarlaun: Föst mánaðarlaun skipstjóra eru samsett af grunnlaunum, sbr. grein 1.1.1 og föst mánaðarlaun stýrimanna eru samsett af grunnlaunum, sbr. grein 1.1.1 og vaktatilleggi sbr. grein 1.10.1.

1.1 Grunnlaun

- 1.1.1 Grunnlaun skipstjórnarmanna sem gegna fullu starfi á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar verða skv. neðangreindri launatöflu frá og með 1. mars 2005:

Rammi A:	2. stýrimaður		
		1. ÞREP	2. ÞREP
	A01	145.567	149.934
	A02	148.406	152.858
	A03	151.300	155.839
	A04	154.250	158.878
	A05	157.258	161.976
	A06	160.325	165.135
	A07	163.451	168.355

Rammi B:	yfirstýrimaður		
		1. ÞREP	2. ÞREP
	B01	174.436	179.669
	B02	177.838	183.173
	B03	181.306	186.745
	B04	184.841	190.386
	B05	188.445	194.098
	B06	192.120	197.884
	B07	195.866	201.742

Rammi CA:	Skipstjóri á skipi með tvo stýrimenn.		
		1. ÞREP	2. ÞREP
	CA1	425.611	438.379
	CA2	433.910	446.927

Rammi CB:	Skipstjóri á skipi með einn stýrimann.		
		1. ÞREP	2. ÞREP
	CB1	503.372	518.473
	CB2	513.188	528.584

1.2 Launabreytingar

- 1.2.1 Á samningstímanum hækka laun sem hér segir:
- 1. janúar 2006 um 2,50%
 - 1. janúar 2007 um 2,25%
 - 1. janúar 2008 um 1,80%

1.3 Aldurshækkun - Launaprep

- 1.3.1 Við ráðningu skipstjóra ákvarðast aldurshækkun á laun af skráningardögum samkvæmt sjóferðabók að viðbættu orlofi. Aldurshækkunar á laun skipstjóra, sem starfað hefur eitt ár eða lengur hjá sömu útgerð ákvarðast af almanaksárinu að því tilskyldu að skipstjóri hafi ekki tekið út meira frí en hann á rétt á samkvæmt samningi.
- 1.3.2 Í römmum skv. grein 1.1.1 eru 2 þrep og raðast stýrimaður/skipstjóri í 2. þrep þegar:
- stýrimaður hefur starfað sem slíkur hjá útgerðinni í 3 ár
- skipstjóri hefur starfað sem slíkur hjá útgerðinni í 6 ár.
- 1.3.3 Stýrimaður sem starfað hefur sem slíkur hjá útgerðinni í 10 ár eða lengur er með efsta þrep þegar hann leysir af sem skipstjóri.

1.4 Útreikningur dagkaups

- 1.4.1 Dagkaup fyrir hvern virkan lögskráningardag finnst með því að deila með 21,67 í ofangreint kaup. Greiðist það á mánudegi til föstudags óháð því hvort sérstakur frídagur skv. gr. 2.7 fellur á þessa daga.

1.5 Persónubundin laun

- 1.5.1 Að minnsta kosti einu sinni á ári skal yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar/skipstjóri fjalla um markmiðstengda frammistöðu skipstjórnarmanns á liðnu ári og setja ný markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi af því skal fjalla um kaup og kjör viðkomandi stýrimanna, þar sem m.a. verði tekið tillit til árangurs, hæfni, starfsaldurs og ábyrgðar í starfi, sem og annarra sérgreindra þátta sem Hafrannsóknastofnun metur.
- 1.5.2 Við flutning skipstjórnarmanns frá einni stöðu til annarrar skulu persónubundin laun að jafnaði í það minnsta haldast óbreytt en Hafrannsóknastofnun og viðkomandi starfsmaður geta sett sér ný markmið sem taki mið af hinu nýja starfi.

1.6 Yfirvinnutaxtar

- 1.6.1 Yfirvinnukaup skipstjórnarmanna skal ákveða þannig:
- 1.6.2 Yfirvinnutaxti A: 1,0385% af grunnlaunum skv. gr. 1.1.1.
- 1.6.3 Yfirvinnutaxti B: Grunnlaun skv. gr. 1.1.1 deilt með 173,33.

1.7 Yfirvinnutaxti A

- 1.7.1 Yfirvinna greiðist fyrir hverja byrjaða 1/2 klst.
- 1.7.2 Fyrir útkall á frívakt greiðist minnst 2 klst. í yfirvinnu nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist innan 2 klst.
- 1.7.3 Þegar útköll á frívakt, á stöðnum sjóvöktum, eru það tíð að skemmri tími en 1 klst. líður frá lokum yfirvinnu til næsta útkalls, helst yfirvinna óslitið allan tímann, en þó aldrei lengur en þar til regluleg vakt viðkomandi manns hefst.
- 1.7.4 Fyrir útkall á frívakt í heimahöfn greiðist minnst 4 klst. í yfirvinnu, nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist fyrr.
- 1.7.5 Á hafnarvakt greiðist A-taxti fyrir vinnu og viðveruskyldu kl. 12:00 til 13:00, sé þess krafist.
- 1.7.6 Fyrir hverja unna heila frívakt, skal greiða yfirvinnukaup fyrir áframhaldandi vinnu aðra en varðstöðu.
- 1.7.7 Sé unnið við viðgerðir á veiðarfærum í höfnum á sunnudögum eða öðrum helgi- eða tyllidögum greiðist sú vinna með A- taxa.
- 1.7.8 Yfirvinnutaxti A er greiddur fyrir vinnu á vakt í eftirtöldum tilvikum: Fyrir störf utan skips, sem stýrimenn eru sendir til að vinna á sjóvöku. Fyrir vinnu inni í tönkum öðrum en farmhylkjum olíu eða farmskipa.

1.8 Yfirvinnutaxti B

- 1.8.1 Ef stýrimaður að ósk skipstjóra gengur í störf háseta á vakt sinni, í aðgerð, löndun, ryðhreinsun eða málningu greiðist fyrir sem dagvinnu.

1.9 Stórhátíðarkaup

- 1.9.1 Stórhátíðardagar teljast: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur eftir hádegi, jóladagur og gamlársdagur eftir hádegi.
- 1.9.2 Fyrir hvern stórhátíðardag utan heimahafnar eða unnin í heimahöfn fær skipstjóri/stýrimaður sérstaka greiðslu sem nemur kr. 4.395,- og taki sömu breytingum og almennt grunnkaup. Sama greiðsla komi fyrir sjómannadaginn ef skip er utan innlendra hafna.
- 1.9.3 Vinna stýrimanna umfram 8. klst. á stórhátíðardögum samkvæmt ósk skipstjóra greiðist með tímakaupi sem er 1,375% af grunnlaunum á mánuði.

1.10 Vaktatillegg

- 1.10.1 Á skipum þar sem starfa 1 eða 2 stýrimenn greiðist stýrimönnum tveggjavaktatillegg til viðbótar kaupi sínu, og er þá miðað við það að vinnutími þeirra sé 12 klst. að jafnaði, nema þegar sjóvöktum er slitið, en þá skal vinnutími vera 8 klst. Vaktapóknun stýrimanna skal vera sem hér segir.
- 1.10.2 Yfirstýrimaður: 57,28 klst. á yfirvinnutaxta A.

1.10.3 2. stýrimaður: 57,28 klst. á yfirvinnutaxta A.

Á vaktatillegg er ekki greitt orlofsfé.

1.10.4 Á skipum með einn stýrimann ganga skipstjóri og stýrimaður sjóvaktir að jöfnu.

1.10.5 Þegar einn stýrimaður er á skipinu fær skipstjóri greitt vaktatillegg sbr. 1.10.2.

1.11 Landgöngufé skipstjóra

1.11.1 Greiða skal skipstjóra landgöngufé, kr. 6.400,- á mánuði miðað við lögskráningardaga.

1.12 Risna skipstjóra

1.12.1 Skipstjórar skulu fá mánaðarlega greiðslu til að standa straum af risnu gagnvart viðskiptamönnum stofnunarinnar. Greiðslan skal nema kr. 4.250 og taka breytingum á þriggja mánaða fresti í samræmi við mat- og drykkjarvörulið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 195,7 stig (feb. 2005). Risna skipstjóra greiðist alla mánuði ársins, einnig í fríum.

1.13 Persónuuppbót

1.13.1 Starfsmaður í fullu starfi sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar, skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. október.

1.13.2 Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili. Fyrir hvern mánuð í fullu starfi á umræddu tímabili greiðist 1/10 hluti af persónuuppbót.

1.13.3 Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfelt í a.m.k. 3 mánuði/13 vikur á árinu, fá greidda persónuuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þó starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

1.13.4 Persónuuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofsfé.

1.13.5 Persónuuppbót fyrir fullt starf á tímabilinu 1. janúar til 31. október ár hvert verður sem hér segir á samningstímanum

Á árinu 2005	kr. 39.700
Á árinu 2006	kr. 40.700
Á árinu 2007	kr. 41.800

2 Um vinnutíma

2.1 Vakta og vinnutilhögun

- 2.1.1 Vakta- og vinnutilhögun skal vera hin sama og verið hefur á skipunum.
- 2.1.2 Starfssvið stýrimanna skal vera samkvæmt 45. gr. 3. kafla sjómannalaga um yfirmenn skipsins, og að auki almenn verkefni leiðangursins.
- 2.1.3 Stýrimaður skal hafa hæfilegan tíma til hvíldar og svefnis. Hvíldartími skal vera minnst 8 klst. á sólarhring, sem skiptist í hámark tvö tímabil í minnst 4 klst. hvert. Tíminn milli tveggja hvíldartíma í röð má ekki fara yfir 16 klst. Telji skipstjóri það óhætt af öryggisástæðum, má víkja frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

2.2 Sjóvökuslit og settar sjóvökur

- 2.2.1 Slíta skal sjóvökum í heimahöfn og setja hafnarvaktir þegar skip er bundið við bryggju.
- 2.2.2 Þegar skip lætur úr heimahöfn skulu sjóvökur settar, nema um sé að ræða færslu í eða milli heimahafna.
- 2.2.3 Skipstjóri ákveður hvort og hvenær sjóvöktum er slitið, þegar skip liggur við akkeri eða á hafnarlæggi.
- 2.2.4 Þegar sjóvökur eru staðnar skulu vaktir vera tvískiptar á skipum með einum eða tveim stýrimönnum.
- 2.2.5 Skipstjóri og stýrimaður ganga vaktir að jöfnu þegar einn stýrimaður er lögskráður hvort sem sjóvökur eða hafnarvaktir eru staðnar.

2.3 Sjóvökur á komu- og brottfarardegi

- 2.3.1 Ef svo stendur á vinnu að samanlagður vinnutími og sjóvaka sé meiri en 8 klst. á komu- og brottfarardögum, greiðist skv. A-taxta fyrir þann tíma, sem umfram er 8 klst.

2.4 Almenn ákvæði

- 2.4.1 Þegar útgerð telur sig ekki geta gert upp laun vegna athugasemda sinna við launaskýrslu frá skipi, mun hún endursenda hana þeim aðila, sem staðfest hefur skýrsluna með undirskrift sinni, með athugasemdum sínum.

Jafnast ekki ágreiningur eftir framangreindum leiðum, skal senda viðkomandi stéttarfélagi afrit af skýrslunni með athugasemdum útgerðarinnar.

2.5 Fríðagaréttur stýrimanna

- 2.5.1 Fyrir hvern laugardag, sunnudag eða sérstakan fríðag utan heimahafnar eða unnin í heimahöfn (Reykjavík, Hafnarfirði) vinnur hver stýrimaður sér inn einn fríðag.

2.6 Úttekt og veiting fríðaga stýrimanna

- 2.6.1 Fríðagar þessir skulu veittir á virkum dögum í heimahöfn. Heimilt er að veita allt að 10 af þessum fríðögum erlendis eða annars staðar á hverju ári, óski viðkomandi stýrimaður þess og aðstæður leyfa.
- 2.6.2 Sé stýrimaður í 12 klst. fríi samfleytt, miðað við hádegi og miðnætti reiknast honum 1/2 fríðagur, en færri klst. reiknast ekki sem frí. 1/1 úttekinn fríðagur jafngildir 4 klst. vinnu.
- 2.6.3 Taki maður frí, koma eingöngu virkir dagar til frádráttar innunnum fríðagarétti, en ekki þeir laugardagar, sunnudagar eða sérstakir fríðagar, sem falla á tímabilið.
- 2.6.4 Í heimahöfn (heimahöfnum) skulu ekki staðnar hafnarvaktir á laugardögum, sunnudögum og hátíðisdögum.

2.7 Uppgjör fríðaga stýrimanna

- 2.7.1 Þeir innunnir fríðagar samkvæmt ofanskráðu, sem ekki hafa verið veittir við afskráningu eða áramót skulu greiddir með 1/21,67 af mánaðarkaupi.
- 2.7.2 Fríðagar greiðist á því kaupi, sem er í gildi á greiðsludegi í réttu hlutfalli við þá eða þær stöður, sem stýrimaður hefur gegnt á skráningartímanum.
- 2.7.3 Þegar stýrimenn taka út fríðaga, halda þeir launum þá sérstöku fríðaga sem falla á frítímabilið.

2.8 Sérstakir fríðagar

- 2.8.1 Sérstakir fríðagar teljast: Nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, annar páskadagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, 17. júní, annar hvítasunnudagur, fyrsti mánudagur í ágúst, jóladagur, annar jóladagur, ennfremur aðfangadagur og gamlársdagur eftir hádegi, enda beri engan þessara daga upp á laugardag eða sunnudag.

2.9 Fríðagabókhald

- 2.9.1 Sérstakt bókhald skal halda fyrir innunna fríðaga, skal það greinilega sýna innunna, tekna og greidda fríðaga, og haldi viðkomandi einu eintaki.
- 2.9.2 Þegar skip er í heimahöfn og viðkomandi gegnir ekki vaktskyldu á laugardegi, sunnudegi eða sérstökum fríðegi bókast dagurinn ekki í fríðagabók.

2.10 Frí skipstjóra

- 2.10.1 Fyrir hvern laugardag, sunnudag eða sérstakan frídag, sem fellur á skráningartímabili vinnur skipstjóri sér inn einn frídag.
- 2.10.2 Við afskráningu eða áramót fær skipstjóri framangreinda frídaga greidda með 1/21,67 af mánaðarkaupi að frádregnum sem svarar 1/4 af legudögum í heimahöfnum á skráningartímabilinu. Frídagar þessir reiknast í heilum dögum.
- 2.10.3 Skýring á frádráttaraðferð:
- Samt. 3 legudagar á skr.tímab. gera 0 daga í frádr.
- Samt. 4 legudagar á skr.tímab. gera 1 dag í frádr.
- Samt. 7 legudagar á skr.tímab. gera 1 dag í frádr.
- Samt. 8 legudagar á skr.tímab. gera 2 daga í frádr.
- 2.10.4 Heimahafnir í þessu tilliti teljast vera hafnarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
- 2.10.5 Komu- og brottfarardagar teljast ekki sem legudagar og heldur ekki þeir dagar þegar verið er að færa skip milli hafnarsvæða. Þá telst það ekki legudagur ef skip er fært utan dagvinnutíma.
- 2.10.6 Frídagar greiðast á því kaupum sem í gildi er á greiðsludegi. Við uppgjör frídaga skv. grein 8.7.3 getur skipstjóri með samkomulagi við útgerð valið milli þess hvort frídagur gerist upp í einu eða hvort þeir greiðast á lengri tíma með sama hætti og reglubundin mánaðarlaun.
- 2.10.7 Þegar menn taka út frídaga skal greiða þá sérstöku frídaga sem falla á frítímabilið og ennfremur í orlofsúttekt skipstjóra.
- 2.10.8 Eftirfarandi ákvæði gilda þar sem aðeins er einn stýrimaður.
- Eftir 7 daga inniveru afskrifast hver legudagur á móti frídagaeign viðkomandi skipstjóra þannig:
- 11 dagar samsvara einum degi í afskrift o.s.frv.

2.11 Aukafrí

- 2.11.1 Auk framangreindra frídaga skal skipstjóri eiga rétt til allt að 50 frídögum á ári án launa.
- 2.11.2 Auk framangreindra frídaga skal leitast við að veita þeim fastráðnu stýrimönnum sem þess óska frí án launa allt að 36 daga á ári. Frí þetta veitist í samráði við útgerðina, eftir aðstæðum hverju sinni utan orlofstíma.

3 Fæði og fæðispeningar

3.1 Fæði um borð

3.2.1 Skipstjórnarmenn skulu hafa frítt fæði um borð.

3.2 Fæðispeningar

3.2.1 Í leyfum skipstjórnarmanna og þegar þeir af öðrum gildum ástæðum geta ekki matast um borð, greiðir útgerðin hverjum þeirra kr. 612,19 á dag séu þeir staddir innanlands. Upphæð þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við mat- og drykkjarvörulið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 195,7 stig (feb. 2005).

4 ORLOF

4.1 Orlofsárið

4.2 Orlofsárið er almanaksárið.

4.2 Orlofsréttur

4.2.1 Skipstjóri skal hafa rétt til 30 virkra daga (mánudaga-föstudaga) orlofs á ári sem samsvarar 13,04%. Orlofsgreiðslur eru 13,04% af öllum launum sbr. þó gr. 4.4.3. Fæðispeningar greiðast í 34 daga.

4.2.2 Sérhverjum stýrimanni ber orlof og orlofsgreiðslur er miðist við samanlagðan þjónustutíma á skipum útgerðarinnar á eftirfarandi hátt: Hafi stýrimaður verið í þjónustu hjá útgerðinni skemur en eitt ár verður lengd orlofs og fæðispeningar í hlutfalli við þjónustutíma hans. Orlofsgreiðslur eru 10,17% af öllum launum. Leyfi þetta veitist að sumri til, að svo miklu leyti sem unnt er, en þó eftir samkomulagi. Stýrimaður skal hafa, eftir eins árs þjónustu hjá útgerðinni, rétt til 30 daga orlofs á ári sem samsvarar 13,04%. Orlofsgreiðslur eru 13,04% af öllum launum, sbr. þó 7. lið. Fæðispeningar greiðast í 34 daga.

4.2.3 Orlof telst tekið út á tímabilinu 2. maí til 30. september, í samráði við útgerð. Þegar skipstjórnarmaður fer í frí á fyrrgreindu tímabili teljast fyrstu almanaksdagar til jafnlengdar orlofsdagarétti til orlofs, sbr. 4.2.1 og 4.2.2. Taki skipstjórnarmaður út færri virka daga en um getur í 4.2.1 og 4.2.2 í orlofi á orlofstímabilinu teljast fyrstu úttektardagar í fríi eftir að orlofstímabilinu lýkur til orlofs þar til dagafjöldi skv. 4.2.1 og 4.2.2 er náð.

4.3 Veikindi í orlofi

4.3.1 Veikist skipstjórnamaður í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggist fá læknisvottorð.

Fullnægi hann tilkynningarskyldu og standi veikindin samfelld lengur en þrjú sólarhringa, á skipstjórnamaður rétt á uppbótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu.

Undir framangreindum kringumstæðum skal skipstjórnamaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja skipstjórnamanns, er veikst hefur í orlofi.

Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma, sem skipstjórnamaður óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 30. september nema sérstaklega standi á.

4.3.2 Þegar orlofi lýkur hverju sinni skal skipstjóri tilkynna útgerð félagsins, að hann sé reiðubúinn að taka til starfa á ný, og heldur hann þá fullum launum, enda er skipstjóra skylt að taka við stjórn á öðru skipi, sem er í eigu félagsins, eftir nánari ákvörðun útgerðar.

4.4 Uppgjör orlofs

4.4.1 Skipstjórnamaður heldur föstum mánaðarlaunum ásamt fæðispeningum meðan hann er í orlofi.

4.4.2 Orlofsfé gerist upp og greiðist við hver áramót, 13,04% af öllum greiddum launum sbr. þó 4.4.3 að frádregnum áður greiddum orlofslaunum.

4.4.3 Orlof greiðist ekki af landgöngufé, risnu og fæðispeningum.

4.4.4 Orlofsfé gerist upp að tiltölu miðað við þjónustutíma stýrimanns hjá útgerð og greiðist við hver áramót að frádregnum áður greiddum orlofslaunum. Þegar orlofsfé eru gert upp um áramót skal miða við orlofslaun í júlí þess árs.

4.5 Orlofsuppbót

4.5.1 Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30 apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár.

4.5.2 Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

4.5.3 Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 21.800

Á árinu 2006 kr. 22.400

Á árinu 2007 kr. 23.000

Á árinu 2008 kr. 23.500

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unnin tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6

mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins.

4.5.4 Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

4.6 Orlofsheimilasjóður

4.6.1 Í orlofsheimilasjóð greiðist 0,25% af öllum launum þeirra, sem samningur þessi tekur til.

5 Ferðir og gisting

5.1 Ferðakostnaður innanlands

5.1.1 Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar greiðist eftir reikningi enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.

5.1.2 Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ekki unnt að leggja fram reikning. Um upphæð dagpeninga fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

5.1.3 Fari skipverji í frí í hérlandri höfn utan Reykjavíkur, greiðir Hafrannsóknarstofnun fargjald hans með áætlunarferð frá skipinu til Reykjavíkur. Farartækið skal valið í samráði við Hafrannsóknastofnunina.

5.2 Ferðakostnaður erlendis

5.2.1 Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt fullnægjandi frumgögn.

5.2.2 Annar kostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum. Um upphæð þeirra fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

6 Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1 Íbúðir

6.1.1 Þar sem því verður við komið skal vera legubekkur af viðurkenndri gerð og stærð í herbergi stýrimanna. Skal leitast við að koma honum svo fyrir, að hann komi sem mest þvert á hvíluna í herberginu.

6.1.2 Í nýjum skipum sé sérstakt baðherbergi til afnota fyrir yfirmenn skipsins, sjófatageymsla fyrir stýrimenn, svo og sérstakur klefi, sem stýrimenn geta notað sem skrifstofu og til geymslu skipsskjala o.f.l.

6.1.3 Íbúðunum skal haldið í góðri umhirðu.

6.1.4 Sé um það samkomulag milli viðkomandi stýrimanns og útgerðar að hann annist þrif á íbúð sinni utan vinnutíma skal hann fá fyrir það 1 klst. á viku. Greiða skal skv. yfirvinnutaxta A, efsta starfsaldursþrepi yfirstýrimanns.

6.2 Rúmfatnaður

6.2.1 Stofnunin leggur til og sér um þvott á rúmfatnaði og handklæðum.

6.3 Eignamissir

6.3.1 Missi stýrimaður eignir sínar er hann hefur um borð, við skipbrot, eldsvoða, sjóskaða eða á annan hátt, þá greiðir útgerðin honum skaðabætur skv. gildandi reglugerð (nr. 225/1999).

6.3.2 Skemmist nokkur hluti eigna hans af fyrrnefndum ástæðum, þar með talið ef sjór gengur inn í herbergi hans, þá greiðast skaðabætur eftir mati óvilhallra manna, náist ekki samkomulag um bætur.

7 Tryggingar

7.1 Tryggingar

7.1.1 Stofnunin skal tryggja hvern þann skipstjórnarmann sem ákvæði þessi taka til í samræmi við ákvæði 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

7.1.2 Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótatalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatryggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingarfélaganna.

Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

7.1.3 Trygging gegn slysaðauða og/eða gegn varanlegri slysaörorku, sbr. 1.gr. gildir meðan skipstjórnarmaður er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupum frá útgerðinni vegna slyss eða veikinda enda þótt afskráður sé vegna þess.

Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn skipstjórnarmann á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna samningsbundinna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slyss, sem skipstjórnarmaður kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en útgerðarinnar, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa er skipstjórnarmaður verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.

Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, skerðast bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

7.1.4 Dánarbætur greiðast í samræmi við ofangreind lög, en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.

7.1.5 Trygging þessi skerðir ekki rétt skipstjórnarmanns til greiðslu úr lífeyrissjóði.

7.1.6 Tryggingarfé skv. þessum lið skal koma til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur stofnuninni.

7.2 Líftrygging

7.2.1 Stofnun líftryggir hvern lögskráðan skipstjórnarmann sem starfar samkvæmt samningi þessum.

Líftryggingarfjárhæðin skal vera kr. 1.500.000 frá og með 1. október 1995 [4. ársfjórðungi] og breytist síðan ársfjórðungslega í sama mæli og dánarbætur skv. a. lið 1. töluliðs 2. málsgreinar 172. gr. siglingarlaga nr. 34/1985. Líftrygging þessi greiðist ekki ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.

7.2.2 Láti hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn skal þó aðeins greiða helming tryggingarupphæðarinnar til dánarbús hins látna. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingarstofnunar ríkisins, sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar.

- 7.2.3 Fyrirgreind fjárhæð lækkar um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær fimmtíu ára aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.
- Um trygginguna gilda eftir því sem við á að öðru leyti, skilmálar líftryggingarfélaganna fyrir hóplíftryggingar.
- Tryggingin gildir frá þeim degi að maður er lögskráður í skipsrúm og til og með þess dags, er hann er afskráður.
- Veikist skipverji á meðan hann er lögskráður og leiði veikindin til dauða innan tveggja mánaða frá afskráningu úr skipsrúmi gildir tryggingin.

8 Einkennisfatnaður

8.1 Einkennisfatnaður skipstjórnarmanna

- 8.1.1 Skipstjórnarmenn fá dökk einkennisföt sér að kostnaðarlausu annað hvort ár en hitt árið khakieinkennisföt og kuldaúlfu, sem verði einn jakki eða blússa með einkennum, þrennar buxur og þrjár skyrtur.

8.2 Einkennisfatnaður skipstjórnarmanna með tímabundna ráðningu

- 8.2.1 Afleysingamenn fá khakieinkennisfatnað, þegar þeir hafa leyst af í samtals þrjá mánuði.

9 Styrktar- og sjúkrasjóður FS

9.1 Styrktar- og sjúkrasjóður FS

- 9.1.1 Greiða skal til styrktar- og sjúkrasjóðs Félags skipstjórnarmanna 0,30% af öllum launum þeirra, sem samningur þessi tekur til.

10 Fræðslumál

10.1 Starfsþjálfun á vegum stofnana

- 10.1.1 Starfsmaður sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. heimild stofnunar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar, skal halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað skv. ákvæðum 5. kafla.

10.2 Launalaust leyfi

- 10.2.1 Starfsmaður skal eiga rétt á launalaus leyfi ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

11 Stofnanapáttur og samstarfsnefndir

11.1 Stofnanapáttur kjarasamninga

- 11.1.1 Markmið stofnanapáttar kjarasamnings er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum starfsmanna með aukinni framleiðni.
- 11.1.2 Markmiðið er að þróa kjarasamninga þannig að þeir nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli starfsmanna og Hafrannsóknastofnunarinnar eftir skýrum forsendum.

11.2 Viðræðuheimild

- 11.2.1 Að jafnaði taki stofnanapáttur til allra starfsmanna sem kjarasamningur hlutaðeigandi félaga taki til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum skipum sé um það samkomulag.
- 11.2.2 Viðræður um stofnanapátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.
- 11.2.3 Þegar viðræður hafa verið ákveðnar ber að tilkynna það Félagi skipstjórnarmanna og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Rétt er báðum aðilum, starfsmönnum og forsvarsmönnum stofnunar, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum. Þeir geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til ráðuneytis við samningsgerð. Náist ekki samkomulag um stofnanapátt innan þriggja mánaða getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

11.3 Fulltrúar starfsmanna - forsvar í viðræðum

- 11.3.1 Hlutaðeigandi starfsmenn á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hóp eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarsmenn Hafrannsóknastofnunar.
- 11.3.2 Fulltrúum í viðræðunefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Ennfremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í viðræðunefnd.

11.4 Upplýsingamiðlun

- 11.4.1 Áður en gengið er til gerðar stofnanasamnings skulu stjórnendur upplýsa fulltrúa starfsmanna í viðræðunefnd um afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu Hafrannsóknastofnunar.
- 11.4.2 Á gildistíma stofnanasamnings skulu fulltrúar starfsmanna upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

11.5 Heimil frávik

- 11.5.1 Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanna Hafrannsóknastofnunar að aðlaga ákvæði samningsins þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald starfsmanna.

11.6 Endurgjald starfsmanna

- 11.6.1 Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum Hafrannsóknastofnunar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlutdeild starfsmanna í þeim ávinningi sem Hafrannsóknastofnun hefur af breytingum.

Hlutur starfsmanna getur komið fram í fækkun vinnustunda án tilsvarendi skerðingar á tekjum, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfnisálagi, prósentuálagi á laun eða fastri krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur Hafrannsóknastofnunar felst svo og endurgjald til starfsmanna. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn skv. gr. 11.7.

11.7 Gildistaka, gildissvið og gildistími

- 11.7.1 Samkomulag um stofnanapátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi viðræðunefnd starfsmanna stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða. Heimilt er viðræðunefnd starfsmanna að óska eftir því að Félag skipstjórnarmanna gangi úr skugga um að umsamin frávik og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.

- 11.7.2 Heimilt er að láta stofnanasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt stofnanasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild starfsmanna í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta hlutaðeigandi starfsmanna í samskonar atkvæðagreiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi vinnuveitandi upp stofnanapætti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af upptöku fyrri samningsákvæða.

11.8 Áhrif stofnanasamnings á ráðningarkjör

- 11.8.1 Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af stofnanasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi starfsmenn hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur Hafrannsóknastofnunar og viðræðunefnd starfsmanna áður en til atkvæðagreiðslu kom.

11.8.2 Ákvæði stofnanasamnings gilda jafnt um þá starfsmenn sem við störf eru þegar samningur er samþykktur skv. ákvæðum þessa kafla sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

11.9 Meðferð ágreinings

11.9.1 Komi upp ágreiningur innan Hafrannsóknastofnunar um skilning eða framkvæmd stofnanasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er starfsmönnum heimilt að leita aðstoðar Félags skipstjórnarmanna eða fela því málið til úrlausnar.

11.9.2 Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar, sbr. lokamálslið gr. 11.7.2, getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af stofnun og 35% af starfsmönnum.

12 Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

12.1 Skipstjóri

12.1.1 Veikist skipstjóri eða verði hann óvinnufær af ósjálfráðum orsökum á meðan hann er starfsmaður félagsins, skulu honum greidd full laun í 6 mánuði, eftir að hann varð að hætta störfum.

12.1.2 Eftir 10 ára starf, full laun í 6 mánuði og hálf laun í 3 mánuði.

12.1.3 Eftir 15 ára starf, full laun í 9 mánuði.

12.1.4 Slasist skipstjóri sem starfað hefur skemur en einn mánuð hjá útgerð, í starfi sínu eða ferð í þágu útgerðarinnar ber honum minnst mánaðarlaun.

12.1.5 Meðan greiðslur samkvæmt þessari grein eru inntar af hendi renna sjúkradagpeningar til útgerðarinnar.

12.2 Stýrimaður

12.2.1 Slasist eða veikist stýrimaður ber honum allt að 5 mánaða kaup (grunnlaun að viðbættu sjóálagi og vaktatilleggi) en þó aldrei fleiri daga en hann hefur starfað sem yfirmaður í þjónustu útgerðarinnar.

12.2.2 Eftir 5 ára samfellt starf hjá sömu útgerð, sem stýrimaður, ber honum þó 6 mánaða kaup.

12.2.3 Eftir 10 ára starf 6 mánaða kaup og 1/2 kaup í 3 mánuði.

12.2.4 Eftir 15 ára starf 6 mánaða kaup og 1/2 kaup í 6 mánuði.

12.2.5 Stýrimaður á ekki rétt á kaupi fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóma eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Sama gildir ef hann er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

12.3 Stýrimaður með tímabundna ráðningu

- 12.3.1 Slasist stýrimaður, sem starfað hefur skemur en einn mánuð hjá útgerð, í starfi sínu eða ferð í þágu útgerðarinnar, ber honum minnst eins mánaðar laun.

12.4 Starfsmaður með ótímabundna ráðningu sem leysir tímabundið af sem stýrimaður

- 12.4.1 Þegar skipverji með ótímabundna ráðningu hjá útgerðinni leysir tímabundið af sem stýrimaður ber honum kaup í slysa- og veikindatilfellum sem hér segir:

- 12.4.2 Hafi hann gegnt stýrimannsstöðu í samtals 4 mánuði á síðastliðnum 12 mánuðum; kaup allt að 12 vikur.

- 12.4.3 Í samtals 8 mánuði á síðastliðnum 24 mánuðum; kaup í allt að 14 vikur.

- 12.4.4 Í samtals 12 mánuði á síðastliðnum 36 mánuðum; kaup í allt að 16 vikur.

12.5 Ákvæði samkvæmt sjómannalögum

- 12.5.1 Varðandi veikindi og slys vísast ennfremur til 36. gr. sjómannalaga sbr. fylgiskjals nr.1.

13 Tilhögun fæðingarorlofs

13.1 Gildissvið

13.1.1 Kafi þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

13.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

13.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

13.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.

13.2.3 Starfsmaður sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar.

14 Lífeyrissjóðsgreiðslur og viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

14.1 Lífeyrissjóður

14.1.1 Um lífeyrissjóðsaðild, iðgjöld og lífeyrissjóðsréttindi fer skv. lögum og reglum um lífeyrissjóði.

Mótframlag vinnuveitanda skal vera 7,5% frá 01.01.2005, 9,5% frá 01.01.2006 og 11,5% frá 01.01.2007. Mótframlag þetta byggir á eftirfarandi forsendum: Að ekki verði breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og ef tryggingastærðfræðilegar forsendur leiða til breytingar á mótframlagi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá breytist mótframlag samkvæmt þessari grein á sama hátt.

Frá 01.01.2005 fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns.

14.2 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

14.2.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

15 Launaseðill

15.1 Launaseðill

15.1.1 Við greiðslu launa til starfsmanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind dagvinnulaun starfsmanns það tímabil sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddrar fjárhæðar.

16 Félagsmálefni

16.1 Forgangsréttur

16.1.1 Félagar í Félagi skipstjórnarmanna ganga fyrir öðrum um atvinnu á skipum útgerðanna og gagnkvæmt.

16.2 Verkföll og verkbönn

- 16.2.1 Skyldur stýrimanna: Ef verkföll eða verkþann er við innlenda eða erlenda höfn, er enginn af stýrimönnum skyldur til að vinna þau verk sem aðrir hafa hætt við vegna vinnustöðvunar.

17 Ráðning og uppsögn

17.1 Ráðning í stöðu

- 17.1.1 Aldurshækkunir á laun skipstjórnarmanns sem starfað hefur eitt ár eða lengur hjá sömu útgerð ákvarðast af almanaksárinu.

- 17.1.2 Við ráðningu skipstjórnarmanns sem starfað hefur hjá útgerð, sem ekki er aðili að samningi þessum, ákvarðast aldurshækkun á laun af lögskráningardögum samkvæmt sjóferðabók að viðbættu orlofi. Starfstíma hjá útgerð, sem er aðili að samningi þessum, skal meta á eftirfarandi hátt:

Lögskráningardagar samkvæmt sjóferðabók deilt með 236 = aldurshækkun, þó skal starfsaldur aldrei ákvarðast hærrí með þessum hætti en fastráðning hefði skilað.

- 17.1.3 Þegar stýrimaður hefur starfað samfellt í níu mánuði hjá útgerðinni skoðast hann fastur starfsmaður hennar. Allar stýrimannastöður skulu þó að jafnaði skipaðar mönnum með ótímabundna ráðningu. Með orðinu „samfellt“ er ekki einungis átt við algerlega óslitinn starfa sem stýrimaður, heldur einnig greiðsluskyld veikinda- og slysaföröll á tímabilinu og eðlileg frí.

17.2 Uppsögn

- 17.2.1 Sé skipstjóra vikið úr starfi áður en ráðningartími hans er úti og án þess að heimild sé til þess samkvæmt 47. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 skal hann njóta sama réttar til launa og aðrir yfirmenn.

- 17.2.1 Uppsagnarfrestur stýrimanna fer eftir ákvæðum sjómannalaga, sbr. 9. gr.

17.3 Starfslok

- 17.3.1 Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir, ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

17.4 Biðkaup

- 17.4.1 Sé skipstjórnarmaður færður af einu skipi stofnunarinnar á annað, skal hann halda fullum launum ásamt fæðispeningum á meðan hann bíður eftir skipi. Þá skal honum veitt ókeypis húsnæði sé hann fjarri heimili sínu.

- 17.4.2 Biðkaup greiðist með 1/21,67 af mánaðarkaupi fyrir hvern virkan dag sem skipstjórnarmaður á rétt á biðkaupi.
- 17.4.3 Ekki skal taka út innunna frídaga í biðtíma, nema um það sé samkomulag milli aðila.
- 17.4.4 Ekki skal taka út frídaga fyrirfram nema um það sé samkomulag milli aðila.
- 17.4.5 Þegar skipstjórnarmaður er á biðkaupi er honum skylt, ef útgerð óskar þess, að taka að sér nám eða störf í landi hjá útgerðinni, sem eðlileg geta talist með tilliti til menntunar hans og reynslu.

18 Gildissvið, forsendur og gildistími

18.1 Gildissvið

- 18.1.1 Samningur þessi tekur til starfa skipstjórnarmanna á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar.
- 18.1.2 Aldurshækkningar á laun skipstjórnarmanns sem starfað hefur eitt ár eða lengur hjá sömu útgerð ákvarðast af almanaksárinu.

18.2 Samningsforsendur

- 18.2.1 Komi til þess að nefnd Alpýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um forsendur kjarasamninga, nái samkomulagi um almenna launabreytingu eða að launaliðir kjarasamninga séu uppsegjanlegir, skal sama gilda um þennan samning.

18.3 Gildistími

- 18.3.1 Samningur þessi gildir frá 1. mars 2005 til 1. nóvember 2008 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 6. apríl 2005

F.h. Samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Haraldur Sverrisson (sign.)
Sonja María Hreiðarsdóttir (sign.)
Þorbergur Þórsson (sign.)

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar
Vignir Thoroddsen (sign.)

F.h. Félags skipstjórnarmanna
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Guðjón Ármann Einarsson (sign.)
Guðmundur Björnsson (sign.)

B Ó K A N I R

**með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags skipstjórnarmanna
vegna Hafrannsóknastofnunarinnar
undirrituðum 6. apríl 2005**

Bókun 1

Frá 1. mars 2005 skal stofnun greiða sérstakt gjald er nemi 0,15% af heildarlaunum starfsmanns í Endurmenntunarsjóð Félags skipstjórnarmanna.

Bókun 2

Með breyttri launatöflu í kjarasamningi aðila er m.a. miðað að því að auka vægi persónutengdra þátta við röðun í launatöflu. Stofnun skal hafa lokið innröðun starfsmanna í nýja launatöflu í síðasta lagi tveimur mánuðum frá undirritun kjarasamningsins.

Bókun 3

Þar sem vinna við gerð samnings þessa hefur dregist úr hömlu vegna utanaðkomandi þátta hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi eingreiðslu.

Greiða skal við fyrstu hentugleika eftir samþykkt samnings þessa sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 60.000 til þeirra sem hafa verið í fullu starfi hjá Hafrannsóknarstofnuninni mánuðina september 2004 til og með febrúar 2005 og eru enn í starfi. Aðrir félagsmenn Félags skipstjórnarmanna sem starfað hafa skemur eða einungis hluta úr starfi fá greitt hlutfallslega.

Bókun 4

Til þess að draga úr aðkeyptri vinnu og rekstrar- og viðkomukostnaði skipa geta aðilar, Hafrannsóknastofnun og skipstjórar, gert skriflegt samkomulag um að skipstjórar sinni sérstökum verkefnum fyrir skipið og stofnunina sem leiði til kostnaðarlækkunar. Hið skriflega samkomulag skal einnig kveða á um tímabundna eða varanlega umbun til starfsmanna sem Hafrannsóknastofnun verði unnt og sé rétt og skylt að veita vegna þess hagræðis sem í samkomulaginu felst.

Samkomulag um takmörkun verkfallsréttar

Það er sameiginlegt markmið aðila að færa starfsumhverfi félagsmanna Félags skipstjórnarmanna sem vinna hjá Hafrannsóknastofnun nær því sem gildir um aðra starfsmenn ríkisins. Því hafa aðilar komist að samkomulagi um eftirfarandi:

Ákvæði III. kafla laga nr 94/1986 skulu gilda um ákvörðun og framkvæmd verkfalla félagsmanna Félags skipstjórnarmanna sem vinna hjá Hafrannsóknarstofnun frá og með gildistöku samnings þessa.

Reykjavík, 6. apríl 2005

Eldri bókanir og yfirlýsing um endurmenntun

Bókun 2. 2001

Að öllu jafnaði sé skipstjórinn launahæsti maður á skipinu.

Yfirlýsingar frá 21.01.1988:

1. Undirrituð útgerð mun leitast við að veita fastráðnum yfirmönnum, sem þess óska og starfað hafa sem slíkir hjá útgerðinni í 10 ár eða lengur, leyfi án launa í allt að einu ári, enda gildi almennar reglur um uppsagnarfrest einnig á leyfistímanum.
2. Leitast mun við að boða brottfarir skipa með góðum fyrirvara og tilkynna áhöfn. Einnig mun leitast við að láta brottfarartíma standast.
3. Undirritaðar útgerðir lýsa því yfir að þær munu aðstoða þá fastráðnu yfirmenn sína, sem eiga við áfengisvandamál að stríða, við að komast í meðferð og gefa þeim kost á leyfi á meðan þeir dveljast á meðferðarstofnun af þessum ástæðum

Yfirlýsing Hafrannsóknastofnunar frá 22. ágúst 1997:

Yfirlýsing um breytingu á eingreiðslu dánarbóta í slysatryggingu farmanna. Hafrannsóknastofnun lýsir því yfir að þeir muni kaupa viðbótartryggingu til hækkunar á eingreiðslu dánarbóta slysatryggingar starfsmanna samkvæmt a. og b. lið 1. tl. 2. mgr. 172 gr. siglingalaga nr. 34/1985 þegar um er að ræða eftirlifandi maka og börn. Samtala eingreiðslu dánarbóta slysatryggingarinnar skv. 172. gr. siglingalaga og viðbótartryggingu skv. þessari yfirlýsingu hækki í kr. 3.000.000 frá 1. júní 1997 að því tilskyldu að kjarasamningur milli Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem undirritaður er 22. ágúst 1997 verði samþykktur. Viðbótartrygging fylgi sömu verðlagsbreytingu og dánarbætur slysatryggingarinnar skv. 172. gr.

Fylgiskjal nr. 1

Úr Sjómanna­lögum nr. 35/1985

27. grein Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Um vinnu skipverja fer sem segir í kjarasamningum og lögum þessum.

Skipverji á ekki rétt á kaupum fyrir þann tíma sem hann hliðrar sér hjá að vinna án þess að næg ástæða sé til.

36. grein Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum frí er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfelldt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdum veikindakaupum í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

Fylgiskjal nr. 2

Úr Siglingalögum nr. 34/1985 – 172. grein

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir:

1. Dánarbætur:

- a. 2.123.801 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. [44. gr.] laga um almannatryggingar.
- b. 825.921 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.
- c. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. [30. gr.] laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa tölulíðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
- d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. [30. gr.] laga um almannatryggingar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt [28. gr.] laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 53.690 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1–25%, 107.380 kr. á bilinu frá 26–50% og 161.070 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.

Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.